

Málsvörn fyrir sparisjóð – og stjórnendur hans

Bókarhöfundur: **Árni H. Kristjánsson**, sagnfræðingur.

Bókarheiti: **Hugsjónir, fjármál og pólitík. Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í sjötíu og sjö ár.**

Gagnrýnandi: **Sigurður Jóhannesson**, hagfræðingur.

Útgáfa: **Sögufélag, Reykjavík 2013, 442 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bókin veitir innsýn í hugarfar stjórnenda Sparisjóðsins á umbrotatímum, sem ekki er kostur á annars staðar. Því er fengur að henni... Þótt umfjöllunin sé á köflum einhliða er hún aldrei leiðinleg. Lesandinn þarf ekki að vera sammála því sem sagt er til þess að hafa gaman af bókinni. Aðrir bregða ljósi á fleiri hliðar þeirrar sögu sem hér er sögð.“

Sókn og sigrar

Þessi bók á margt sameiginlegt með öðrum bókum, sem rekja sögu fyrirtækja. Til dæmis eru þær nánast alltaf kostaðar af fyrirtækjunum sem þær fjalla um. Síðasti sparisjóðsstjórninn er formaður ritnefndar þessarar bókar. Með honum starfaði í upphafi fyrrverandi stjórnarformaður Sparisjóðsins. Bókin fjallar að mestu um sóknir og sigra en minna er dvalið við það sem miður fór. Allt er þetta alvanalegt í fyrirtækjasögum. Það er hins vegar óvanalegt að bókin nær yfir alla sögu fyrirtækisins, frá upphafi til enda. Sjóðurinn hætti að lokum starfsemi og átti ekki fyrir skuldum. Því mætti ætla að eitthvað hefði ekki tekist vel í rekstrinum. En ekki er að sjá á þessari bók að stjórnendum hafi orðið á nein mistök. Stærstu sigrarnir voru unnir á lokaárum sjóðsins, skömmu áður en ytri aðstæður og fjandsamleg yfirvöld kollvörpuðu starfseminni. Síðustu áratugina er sagan að miklu leyti sögð frá sjónarhóli sparisjóðsstjórnanna Baldvins Tryggvasonar og Guðmundar Haukssonar, auk Jóns G. Tómassonar stjórnarformanns. Þetta ræðst að nokkru af því að um sumt voru ekki fleiri heimildir. Aðrir sem koma við sögu reynast margir hverjir vera óvinir sjóðsins. Hið þrönga sjónarhorn þarf ekki að vera galli, ef haft er hugfast að



á flestum málum sem rætt er um eru fleiri hliðar en fram koma í bókinni. Rætt verður stuttlega um nokkur þeirra hér á eftir.

Upphaf og markmið

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var ekki meðal fyrstu sparisjóða sem komið var á fót hér á landi. Þegar hann var stofnaður, árið 1932, voru 54 sparisjóðir á landinu og 3 bankar. Á þessum árum skorti fé til íbúðakaupa og húsasmiði í Reykjavík og meginhlutverk Sparisjóðsins var að bæta úr því. Bankarnir sinntu einkum öðrum verkefnum. Eftir að veðlán Landsbankans drógust saman um miðja öldina var Sparisjóðurinn nánast eina peningastofnunin sem lánaði til húsbýgginga í Reykjavík. Ábyrgðarmenn sjóðsins voru í upphafi einkum iðnaðarmenn auk nokkurra áhrifamanna í bænum. Fyrstu árin voru tveir launaðir starfsmenn hjá Sparisjóðnum, en hann stækkaði jafnt og þétt og á sjöunda áratugnum reisti hann glæsihús á Skólavörðustíg.

Í bókinni segir frá því að Baldvin Tryggvason, sem varð sparisjóðsstjóri 1976, setti fljótt það takmark að Sparisjóður Reykjavíkur yrði stærsti sparisjóður landsins. Markinu var náð tíu árum síðar. Sjóðurinn stækkaði hratt á þessu tímabili, en um leið lækkaði eiginfjárlutfallið. Úr því var bætt með því að fjölga ábyrgðarmönnum. Árið 1995 setti sjóðurinn sér í fyrsta sinn opinber markmið. Stefnt skyldi að arðsemi, góðri þjónustu, fræðslu og samhug. Ekki var minnst á að hann skyldi vaxa, en það virðist þó áfram hafa verið stjórnendum ofarlega í huga. Upp úr aldamótum hófst mikið vaxtarskeið hjá íslenskum bönkum. „Sparisjóðir gátu ekki setið hjá þegar viðskiptabankarnir þrír stækkuðu.“ (bls. 244) Eigið fé setti vextinum skorður og ákaft var leitað leiða til að auka við það.

Samstarf við aðra sparisjóði og deilur um sjóðinn

Sjónarhorn bókarhöfundar þrengist þegar sagt er frá seinni árum sjóðsins. Það kemur einna best fram í frásögn af átökum um formennsku í Sambandi íslenskra sparisjóða. Umfjöllun um þau tekur 4 síður í bókinni. Innan Sparisjóðs Reykjavíkur var gert ráð fyrir því að Guðmundur Hauksson yrði formaður sambandsins árið 1996, þegar hann tók við sparisjóðsstjórarstarfinu af Baldvin Tryggvasyni. Baldvin hafði gegnt formennsku í 19 ár. En svo fór að annar maður var kjörinn. Haft er eftir Baldvin að með átökum um formannskjörið hafi samstaða sparisjóðanna beðið hnekki sem seint eða aldrei hafi tekið að bæta. Guðmundur varð síðan formaður árið 2000, en féll í formannskosningum árið 2002. Í kjölfarið komst samstarf sparisjóðanna í algjört uppnám. Innan Sparisjóðs Reykjavíkur var litið svo á að það væri sprungið.

Landsmálin fléttast annað slagið inn í söguna. Davíð Oddsson forsætisráðherra lagðist gegn því að Sparisjóðurinn seldi Orcahópnum, svonefnda, hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulúfins árið 1999. Í hópnum voru umsvifamenn í íslensku viðskiptalífi, Jón Ólafsson, Þorsteinn Már Baldvinsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Eyjólfur Sveinsson. Þrátt fyrir andstöðu Davíðs voru viðskiptin samþykkt á stjórnarfundi. Að honum loknum hittu þeir Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri, og Sigurður Einarsson forstjóri Kaupþings, ritstjóra Morgunblaðsins til þess að skýra málið. Niðurstaða sparisjóðs-

stjórnarinnar kom ritstjórnunum á óvart, en þeir töldu „að búið væri að tryggja“ annað. (bls. 216) Annar ritstjórinn, Styrmir Gunnarsson, brást við með þessum orðum: „Guðmundur, þú gerir þér grein fyrir því að með þessari afgreiðslu málsins ert þú orðinn utangarðsmaður.“ (bls. 216) Sparisjóðsmenn kenndu Davíð Oddssyni um mikið af því andstreymi sem þeir urðu fyrir á næstu árum, meðal annars deilur við stofnfjáreigendur eftir aldamótin. Uppreisn stofnfjáreigenda snerist ekki síst um verðmæti eignar þeirra í Sparisjóðnum og hefði mátt ætla að það væri næg skýring út af fyrir sig. En Jón G. Tómasson, sem var stjórnarformaður sjóðsins til 2003, var á öðru máli: „það veit ég að Davíð stóð á bak við þetta.“ (bls. 275)

Einn af uppreisnarmönnum var Pétur Blöndal alþingismaður. Hann kemur víða við sögu í bókinni. Á seinni hluta níunda áratugarins seldi hann Sparisjóði Reykjavíkur og fleiri sparisjóðum 49% hlut í Kaupþingi en átti áfram 51%. Sparisjóðsmenn vildu kaupa Pétur alveg út úr fyrirtækinu, en hann vildi ekki selja. En haustið 1990 skipti hann um skoðun. Búnaðarbankinn keypti þá helmingshlut í Kaupþingi og sparisjóðirnir 1%. Fljótlega komu í ljós miklir veikleikar í rekstri Kaupþings. Jafnframt reyndust eignir Hávöxtunarfélagsins ekki eins traustar og áður var talið, en félagið átti verðbréfasjóðina sem Kaupþing rak. Eigendur Kaupþings, einkum Búnaðarbankamenn, hugsuðu Pétri þegjandi þörfina og töldu sig hafa keypt köttinn í seknum. Pétur vildi ekki ræða við bókarhöfund, en hann hefur sagt á öðrum vettvangi að honum hafi ekki litist á áhættuna af rekstrinum. Því hafi hann ákveðið að selja. Hann bendir einnig á að Búnaðarbankinn hafi nokkrum árum síðar selt hlut sinn í fyrirtækinu á miklu herra verði. (Pétur Blöndal, þingræða 15. apríl 2011, í umræðum um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna) Erfitt er að skilja frásögn bókarinnar öðruvísi en svo að Pétur hafi vitað að Kaupþing stóð verr haustið 1990 en reikningar gáfu til kynna. Þá skoðun hefði þurft að styðja fleiri rökum en gert er, því að fleiri skýringar gætu verið á rás atburða en sú sem þarna er ýjað að. Hagur flestra fjármálafyrirtækja versnaði við upphaf tíunda áratugarins. Í bókinni er sagt frá vandræðum Fjárfestingarfélagsins Skandía um þetta leyti. Landsbankinn þurfti fjárframlag frá ríkinu snemma árs 1993 og bankakreppa reið yfir í Skandinavíu og víðar. Eigendur Kaupþings, sparisjóðir og Búnaðarbankinn, brugðust við vanda Hávöxtunarfélagsins, sem áður var greint frá, með því að kaupa skuldabréf af því fyrir um 90 milljónir króna. Þau reyndust síðar verðlaus. Þetta mál er torskilið við fyrstu sýn. Erfitt er að sjá að það hafi verið á verksviði sparisjóða og Búnaðarbanka að kaupa ónýtar eignir af fyrirtæki sem þeir áttu ekki (Hávöxtunarfélaginu). Ekki er nægilega vel skýrt af hverju eigendur verðbréfasjóðanna tóku ekki hreinlega á sig þau áföll, sem þeir höfðu orðið fyrir (en þá hefði gengi hlutdeildarskírteina lækkað).

Góðæri og endalok

Sparisjóðirnir héldu sig lengst af við heimabyggð. En í bókinni kemur fram að við áhættumat árið 2006 töldu erlend matsfyrirtæki sparisjóðnum til vansa að þeir væru ekki með starfsemi erlendis. Heimilda fyrir þessu er ekki getið, en þetta viðhorf er óvenjulegt, því að jafnan er ekki mælt með því að fyrirtæki fari inn á slóðir sem aðrir þekkja betur. Lausnin var ekki langt undan. Eignarhaldsfélagið Exista átti eignir í Noregi og Finnlandi,

auk stórs hlutar í Kaupþingi, Bakkavör, VÍS og Símanum. „Fjárfesting í Exista myndi draga úr þeirri áhættu sem gat leitt af hefðbundinni starfsemi innanlands.“ (bls. 173)

Tæpur helmingur bókarinnar fjallar um síðasta einn og hálf áratuginn eða svo, en þá voru mestir umhleyningar í sögu sjóðsins. Á þessum tíma eignuðust ábyrgðamenn Sparisjóðinn að mestu, en áður var oftast talið að eign þeirra næði aðeins til stofnfjár. Umsvif sjóðsins jukust og um leið jókst eigið fé hans. Verðmæti sjóðsins náði hámarki undir mitt ár 2007, skömmu áður en hann var settur á markað. Eftir það dimmdi snögglega yfir. Sennilega verður lengi deilt um það hvort rétt var að loka Sparisjóðnum í mars 2009. Í bókinni er því haldið fram að honum hafi verið mismunað og bent á björgunaraðgerðir í þágu annarra fjármálafyrirtækja. En ýmislegt bendir til þess að ákvörðunin hafi verið rétt. Það kostaði ríkið stórfé að reyna að bjarga öðrum fyrirtækjum á þessu sviði og árangurinn af björgunaraðgerðunum var ekki mikill, svo að séð verði. Gjaldþrot Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis kostaði ríkissjóð hins vegar ekki neitt.

Sparisjóðirnir voru lengst af ekki mikið fyrir ævintýramennsku í fjármálum. Eins og fyrr segir var meginhlutverk Sparisjóðs Reykjavíkur lengst af að lána til húsnæðiskaupa gegn veði í íbúðum. Í bókinni segir frá því að árið 1979 hafi hámarkslán verið hækkuð úr 33% af brunabótamati í 50%. Þarna var ekki teflt á tvær hættur. Síðustu árin minntu sparisjóðirnir meira á önnur fjármálafyrirtæki. Erfitt var að sitja hjá í kapphlaupi þeirra. En eftir á að hyggja hefðu sjóðirnir vel mátt gera það. Áhersla stjórnenda Sparisjóðs Reykjavíkur á fjármálastarfsemi og útlánavöxt bætti ekki hag sjóðsins þegar upp var staðið. Árið 2008 tapaði hann 18½ milljarði króna af fjáreignum og sama ár var 37½ milljarður lagður á afskriftareikning útlána.

Bókin veitir innsýn í hugarfar stjórnenda Sparisjóðsins á umbrotatímum, sem ekki er kostur á annars staðar. Því er fengur að henni. Skoða verður hinn harða tón sem einkum má sjá í seinni hluta bókarinnar í því ljósi að sjóðnum var lokað. Stjórnendum sjóðsins fannst að sér vegið. Þótt umfjöllunin sé á köflum einhliða er hún aldrei leiðinleg. Lesandinn þarf ekki að vera sammála því sem sagt er til þess að hafa gaman af bókinni. Aðrir bregða ljósi á fleiri hliðar þeirrar sögu sem hér er sögð.